

mannkyninu frá glötun. Og takast mun það, ef menn vilja færa sér í nyt „ljósið frá Íslandi“.

29. apríl 1946.

10. Íslensk framtíð og sigling jarðarskipins

I

Í hinum merkilegu Sólarljóðum, sem vér vitum því miður ekki hver ort hefir, er jörðinni líkt við skip. Og eins hefir gert Einar Benediktsson í frægum ljóðlínunum. Líkingin er góð. Því að mannkynið þyrfti að líta á sig eins og áhöfn á skipi, sem er í mjög merkilegri för, en hættuferð þó svo mikilli, að ef ekki áhöfnin öll er samtaka, þá er alveg víst, að skipið mun farast.

Það ætti ekki að þurfa að koma mönnum svo mjög á óvart, þó að hinn skýri skilningur á þessu ætti upptök sín á Íslandi. Því að fyrir Íslendingum mundi í fyrsta lagi mjög illa fara, ef sá skilningur fæst ekki. Nú er svo komið, sem ólíklegt mundi hafa þótt fyrir aðeins fáeinum áratugum, að það er talið skipta miklu fyrir stórveldi, sem á í styrjöld, að hafa Ísland á valdi sínu. Og er ekki laust við, að sumum hafi þótt þetta mikill frami, þó að það þýði raunar það, að hér mundi barist verða, og stórbjóðir eigast við. Þarf þá ekki að því að spyrja, hvernig fara mundi um íslenskt sjálfstæði og þjóðerni.

II

Vér getum ekki gert oss neinar vonir um góða framtíð íslensku þjóðinni til handa, ef ekki styrjaldir leggjast niður, og mannkynið lærir að líta á sig sem áhöfn á skipi, þar sem órjúfandi samheldni verður að ráða, ef mjög merkilegu ferðalagi á að geta orðið haldið áfram. En um íslensku þjóðina má segja, þó að smá sé, að hún á mikinn rétt á sér, eins og í Njálu er að orði komist um ágætasta íþróttamann Norðurlanda, á sínum tíma. Ástæðan til þess, að íslenska þjóðin verður að vera mikils metin, er sú, að hún er svo vel ættuð. Það má svo heita, að þeir sem fóru að byggja Ísland, hafi verið úrval hinna ágætustu þjóða, sem þá voru til. Siglingar um úthöfin voru á Landnámstíð Íslands svo erfiðar,

að hingað komust ekki aðrir en afreksmenn, að slíkra konum ógleymdum. Og meðan landið var óháð, betra ábúðar en síðar varð, og andlegt sjálfstæði einnig meira, voru unnin hér afrek sem fræg urðu, en eiga þó eftir að aukast enn að frægð, og það stórum. Af ýmsum ástæðum, sem ekki þarf að telja hér, hnignaði fólkinu svo, að nálega mátti heita, að í fullt óefni væri komið. Og því furðulegra er að sjá, hvernig fólkið réttir við á fáeinum áratugum, þegar ástæður til að þrífast hafa batnað.

III

Að uppgötva vitringsefni eða jafnvel vitring, er eitt það sem erfiðast er, og mesta greind þarf til, og eigi einungis það, heldur einnig drengskap. Svo að óhætt er að gera ráð fyrir því, að mjög merkilegar íslenskar hugsanir gætu þegar verið komnar fram, án þess að því hafi verið gaumur gefinn að neinu ráði. En á sviðum, þar sem auðveldara er um viðurkenningu, má þegar glögglega sjá, hvernig farið er að bjarma af íslensku atgervi. Það mætti jafnvel komast svo að orði, að þegar sé farið að bera á stjórnljósi frá Íslandi. Eins og kunnugt er, hefir þeim sem af ljóma og glæsileik koma fram á leiksviði, öðrum fremur verið líkt við stjórnur. En einnig á íþróttasviðinu, sem í þrengri merkingu orðsins er svo nefnt, er ýmislegt farið að gerast, sem getur verið oss mikil hjálp til að skilja, að það sé ekki skáldskapur, þegar sagt er, að einu sinni hafi fremsti íþróttamaðurinn á Norðurlöndum verið Íslendingur.

Og víst er um það, að ef tekst að beina sögu mannkynsins í horfið frá helstefnu, þá munu Íslendingar og Íslendingarniðjar koma við sögu á miklu stórkostlegri hátt og skemmtilegri, en búast mætti við jafnvel nú, ef einungis er litið á fámenni þjóðarinnar og ýmsa hagi óstórmannlega, sem ennþá eru.

27. okt. 1945.